



VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. við heimsfaraldri inflúensu -
COVID-19

Útgáfa 1.0 2020

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri influensu og COVID-19

Inngangur

Þessi viðbragðsáætlun segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu influensu og COVID-19.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð starfsmanna Sorpstöðvarinnar þegar til influensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu og ábyrgð á henni er í höndum framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir og gátlista. Verði miklar breytingar á starfsemi Sorpstöðvarinnar verður áætlunin endurskoðuð þegar í stað.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum Sorpstöðvarinnar.

Áætlunin tekur þegar gildi.

Hellu, 12. mars 2020

1. Virkjun viðbragðsáætlunar og viðbragðsáætlunarmála Sorpstöðvarinnar.

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnarstig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Framkvæmdastjóri í samráði við formann stjórnar Sorpstöðvarinnar ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki um virkjun viðbragðsáætlunarinnar.

Í viðbragðsáætlunarmála Sorpstöðvarinnar eru Ágúst Sigurðsson, Hulda Karlsdóttir og Ómar Sigurðsson.

Viðbragðsáætlunarmálið gætir þess að starfsmenn búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og landlækniseimbættinu um stig faraldursins, sem og nýjustu áætlunum um meðhöndlun úrgangs í heimsfaraldri. Annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað, sóttthreinsibúnað og umgengisreglur. Framkvæmdastjóri sér um samskipti við starfsfólk vegna veikinda og fjarveru.

2. Áhættumat Sorpstöðvarinnar

Ef að faraldurinn nær útbreiðslu þarf að gera ráð fyrir að fjarvistir úr vinnu geti orðið nokkrar og meiri en í árlegum influensu faraldri. Sökum þess að vinnustaðurinn er frekar fámennur og störf sérhæfð getur starfsemi raskast töluvert.

Fjarvistir geta stafað að mismunandi ástæðum t.d.:

- Smit af völdum COVID-19.
- Annarra veikinda.
- Veikinda fjölskyldumeðlima eða umönnun barna vegna lokunar skóla og leikskóla.
- Beiðni vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér.
- Beiðni heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.
- Raskana á samgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks.
- Ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Ekki er hægt að spá fyrir um hversu miklar fjarvistir verða. Fer m.a. eftir útbreiðslu faraldursins og til hvaða ráðstafana er gripið til að hefta útbreiðslu hans.

3. Upplýsingaskylda starfsmanna

Öllum starfsmönnum er skylt að láta viðbragðsáætlunarmála vita ef að:

- Viðkomandi hefur ferðast til eða um lönd eða landsvæði sem skilgreind eru sem svæði með smithættu skv. vef Landlæknis.
- Hafa komið í snertingu eða návígi við einstakling sem er smitaður af COVID-19 vírusnum eða ef grunur leikur á um smit eða einstakling í sóttkví.
- Hefur undanfarna 14 daga haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfiðleika.

- Sé starfsmaður að koma erlendis frá utan áhættu svæða og einkennalaus ætti hann að sinna lífi sínu sem fyrr, mæta í vinnu o.þ.h. en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvotti og sprittun. Forðast handabönd og líkamssnertingu. Ef hann fær einkenni flensu næstu daga eftir heimkomu skal hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar.
- Ef starfsmaður er að koma erlendis frá og finnur fyrir flensulíkum einkennum, s.s. hiti, hósti og beinverkir, þá skal hann vera í sambandi við viðbragðsteymi sem metur hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu.
- Við viljum forðast að vinnustaðurinn í heild lendi í sóttkví.

4. Aðgerðir til að viðhalda starfsemi og stuðla að öryggi starfsfólks

Viðbragðsteymi skal hafa umsjón með að vakta daglega hver tilmæli almannavarna, sóttvarnarlæknis og Umhverfisstofnunar eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d. á vefsíðum Landlæknis, Almannavarna og Umhverfisstofnunar www.landlaeknir.is, www.almannavarnir.is, www.ust.is. Viðbragðsteymi sér um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til starfsfólks Sorpstöðvarinnar í gegnum tölvupóst og síma

Viðbragðsteymi heldur utan um fjarvistir og áætla þarf a.m.k 14 daga í fjarvistir starfsmanna sem greinast með influensu og allt að 14 daga ef starfsmaður er í sóttkví.

Ráðstafanir til að fækka smitleiðum:

- Forðast handabönd og aðra líkamlega snertingu.
- Leggja áherslu á handþvott og sótthreinsun.
- Leggja áherslu á notkun hlífðafatnaðs, t.d. einota vinnugalla og hanska sem og fjölnota galla og hanska.
- Leggja aukna áherslu á ræstingu og sótthreinsun á helstu snertiflötum. Leggja sérstaklega áherslu á staði þar sem utanað komandi aðilar ganga um. Huga þarf sérstaklega að hurðahúnum, slökkvurum, símum, lyklaborðum, borðum, stólörmum, salernum og kaffiaðstöðu. Þetta er gert með því að starfsmenn sjálfir taki þá í sótthreinsun á sínum vinnustöðvum.
- Viðbragðsteymi tryggir að birgðir af hreinlætisvörum og hlífðarvettlingum séu til staðar.
- Fyrirmælum sóttvarnarlæknis verði fylgt hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga en framkvæmdarstjóri getur þó heimilað rýmri reglur telji hann nauðsyn til.
- Tryggja þarf að starfsmenn geti gengið í störf samstarfsmanna eftir því sem þörf krefur. Starfsfólk getur þurft að sinna verkefnum í forgangi ef fjarvistir annara starfsmanna verða vegna influensufaraldurs. Kanna þarf hvort afleysingamenn/verktakar geti komið með skömmum fyrirvara, t.d. á sorpbifreiðar.
- Viðbragðsteymi getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á starfsemi/þjónustu til að draga úr smithættu eða mæta breyttum aðstæðum á meðan influensufaraldurinn gengur yfir. Það getur m.a. falist í breytingu á opnunartíma eða lokun móttökustöðvar á Strönd, sem og breyttu fyrirkomulagi við sorphirðu. Allar slíkar breytingar þarf að kynna á fullnægjandi hátt með auglýsingum í fjölmiðlum, á fésbókarsíður og merkingum við móttökustöð.

Sé lýst yfir hættustigi almannavarna taka yfir verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldur, útgefnar af Umhverfisstofnun.



Verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs

Þessar verklagsreglur eiga við um starfsmenn sem vinna við meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorphirðu, flutning, flokkun og förgun.

Verklagsreglurnar taka gildi á hættustigi.

Nánari upplýsingar um smitvarnir má finna á heimasíðu Landlæknis og hjá eftirlitsaðilum viðkomandi rekstraraðila.

Notkun persónuhlífa

Nota skal persónuhlífar við meðhöndlun úrgangs eftir því sem við á. Viðeigandi persónuhlífar eru t.d.:

- Einnota hanskar
- Einnota hlífðarfatnaður, t.d. einnota vinnugallar.
- Fjölnota hlífðarfatnaður (utanyfirgalli)
- Fjölnota hlífðarhanskar

Meðhöndlun úrgangs

Starfsmenn skulu af fremsta megni gæta varúðar við meðhöndlun úrgangs.

Allir starfsmenn skulu hafa aðgang að handspritti hvort sem er í fastri starfstöð eða sorpbíl.

- Starfsmenn skulu klæðast vinnuhönskum þegar sorp er meðhöndlað. Hanskar skulu vera vatnsheldir en einnig má klæðast einnota hönskum undir vinnuhönskum. Líta skal á alla hanska sem mengaða/óhreina.
- Hanskar skulu fjarlægðir áður en sest er upp í sorphirðubíl og hendur hreinsaðar.
- Sorpílát skulu ekki opnuð heldur flutt beint í sorphirðubíla.
- Forðist að snerta sorp.
- Forðist snertingu við augu, nef og munn. Berið ekki hendur að andliti án þess að þvo og sótthreinsa áður, þetta á við hvort sem unnið er við meðhöndlun úrgangs, fyrir neyslu matar og drykkja, reykingar og veip o.þ.h.

Frágangur að lokinni meðhöndlun úrgangs

- Einnota persónuhlífar fjarlægðar og settar í poka til förgunar.
- Ef notaðar eru fjölnota persónuhlífar skal þrifa þær og sótthreinsa eftir notkun.
- Forðist að snerta ytra byrði vinnuhanska og hlífðarfatnaðar með berum höndum.
- **Mikilvægt er að þvo og sótthreinsa hendur reglulega, að loknum frágangi og eftir að farið er úr hlífðarfatnaði**
- Sótthreinsa skal álagsfleti í sorpbílum og á móttökustöðvum eftir því sem við á.

Ef grunur vaknar um COVID-19 smit á vinnustað

- Aðskiljið hinn veika frá öðrum starfsmönnum.
- Hringið í heilsugæslu/1770/112 eftir atvikum.
- Skráið hvaða starfsmenn hafa verið í návígi við þann veika þennan dag.

Útgáfa: 12. mars 2020

Viðbrögð við aukinni hættu vegna Covid-19 eða annarra farsóttá

Eyðing smitefnis

Á kórónaveirur og inflúensuveirur virkar eftirfarandi:

- hreinsun með vatni og sápu
- hitun í 40°C í 15 mínútur; 80°C í 3 mín; 90°C í 1 mínútu
- spritti (a.m.k. 40% styrk)
- ísóprópanóli (a.m.k. 30% styrk)
- klórlausnum (a.m.k. 200 ppm styrk)
- joðefnum (a.m.k. 75 ppm styrk)

Sóttvarnaþúnaður sem Sorpstöðin þarf að eiga auk hefðbundinnar sápu:

- bréfpurrkur og e.t.v. fleiri ruslafötur sem eru með loki
- handspritt
- spritt til hreinsunar á yfirborði, svo sem símum og hurðarhúnum
- hlífðarhanska fyrir starfsmenn og einnota hanska fyrir ræstingu.

Heilsufarsleg atriði starfsfólks og inflúensueinkenni

Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð.

Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef þeir eru veikir og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 10 daga frá því að sóttthiti er horfinn.

Starfsfólks sem mætir til vinnu veikt, er umsvifalaust sent heim en í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.

5. Gátlisti Sorpstöðvarinnar

Óvissustig

- Fylgja leiðbeiningum sóttvarnarlæknis, almannavarnadeildar og Umhverfisstofnunar.
- Viðbragðsáætlun lesin og uppfærð ásamt gátlistum og tengiliðalista.
- Allt starfsfólk sé upplýst um viðbragðsáætlunina.

Hættustig

- Virkja viðbragðsáætlun.
- Fara yfir birgðastöðu
- Gera/uppfæra verklagsreglur um viðbrögð við veikindum starfsfólks í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda, almannavarna og Umhverfisstofnunar.

Neyðarstig

- Starfa samkvæmt viðbragðsáætlun.
- Starfsemi er haldið uppi eins lengi og unnt er og samkvæmt tilmælum frá heilbrigðisyfirvöldum, almannavörnum og Umhverfisstofnun.
- Markmið er að starfsmenn haldi áfram störfum þó dragi úr starfsemi Sorpstöðvarinnar vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk starfsmanna komi til lokunnar eða skertar starfsemi Sorpstöðvarinnar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Miðla upplýsingum til íbúa vegna viðbragðsáætlunar svo sem vegna skertrar þjónustu.

6. Skilgreining starfa og staðgengla ef til fjarvista kemur vegna inflúensufaraldurs

Ef starfsmenn Sorpstöðvarinnar geta ekki sinnt verkefnum sínum vegna veikinda hvorki á vinnustaðnum né að heiman eða á annari starfsstöð þá þurfa aðrir starfsmenn að vera undirbúnir að sinna brýnum verkefnum í þeirra fjarveru. Eftirfarandi er listi yfir störf og starfsmenn

Sorpstöðvarinnar ásamt lista yfir staðgengla fyrir hvert starf. Starfsmenn þurfa þó að vera undirbúnir að hliðra verkefnum enn frekar er þörf krefur.

Formaður stjórnar: Ágúst	Staðgengill: Hulda
Framkvæmdastjóri og bókhald: Hulda	Staðgengill: Ágúst / Klara
Verkstjórn á Strönd: Ómar	Staðgengill: Roman / Hulda
Bílstjóri sorpbíls: Þorvaldur	Staðgengill: Jón/Ómar/verktaki
Bílstjóri krókbíls: Jón	Staðgengill: Þorvaldur/Ómar/verktaki
Móttaka á Strönd: Roman/Dariusz	Staðgengill: Ómar/Þorvaldur
Hlauparar á sorpbíl: Kristinn/Elvar/Dariusz	Staðgengill: Þorvaldur/verktakar

7. Einkenni Kórónaveiru (COVID-19)


Einkenni líkjast helst inflúensúsýkingu, hósti, hiti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. COVID-19 getur einnig valdið alvarlegum veikindum með neðri öndunarferasýkingu og lungnabólgu, sem koma oft fram sem öndunarerfiðleikar á 4.–8. degi veikinda. Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113) varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir eigi að nálgast heilbrigðiskerfið.

Veikir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma. Einstaklingar með grunsamlega eða staðfesta sýkingu verða settir í einangrun skv. nánari leiðbeiningum. Einkennalausir einstaklingar sem hafa verið í samneyti við einstaklinga með staðfesta eða líklega sýkingu verða settir í sóttkví skv. nánari leiðbeiningum.

Sóttvarnalæknir vill hvetja einstaklinga á ferðalögum erlendis, sérstaklega í Kína að:

- Gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti
- Forðast náið samneyti við einstaklinga sem eru með hósta og almenn kvefeinkenni.
- Forðast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.
- Nota pappír fyrir vit við hnerra þegar um kvefeinkenni er að ræða og þvo hendur reglulega.

- Láta heilbrigðisstarfsmenn vita um ferðir sínar ef einstaklingar þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins hér á landi.



Munurinn á kórónaveirusýkingu og inflúensu

Einkenni hinnar nýju kórónaveirusýkingar geta verið svipuð inflúensu í upphafi sjúkdóms. Einkenni inflúensunnar koma oftast snögglega og lýsa sér með hita, hósta, hálssærindum, höfuðverk, vöðvaverkjum og almennri vanlíðan.

8. Samskiptaleiðir – mikilvæg símanúmer

Heilbrigðisyfirvöld o.fl.

Neyðarlínan	112	http://www.112.is/
Læknavakt	1770 og 1700	http://www.112.is/samstarfsadilar/laeknavaktin-1770/
Almannavarnir	112	http://www.almannavarnir.is/
Landspítali	543-1000	www.landspitali.is
Embætti landlæknis/sóttvarnarlæknir	510-1900 og 510-1933	www.landlaeknir.is

Rauði krossinn vinalínan fyrir sálrænan stuðning	1717	www.raudikrossinn.is
Umhverfisstofnun	591-2000	www.ust.is
Ágúst Sigurðsson	787-4545 488-7003	agust@ry.is
Ómar Sigurðsson	848-9690 487-5157	strond@rang.is
Hulda Karlsdóttir	695-1708 488-7011	hulda@ry.is
Sorpbifreið	832-0720	
Krókbifreið	832-0708	
Klara Viðarsdóttir	866-9931 488-4007	klara@ry.is